
RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Þingvallastræti 23, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0997

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.unak.is/rha>



FORSENDUR FÉLAGSVÍSINDAEILDAR VIÐ HA

***Könnun meðal framhaldsskólanema
á Akureyri***

Hjördís Sigursteinsdóttir

Maí 2002

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Niðurstöður	2
2.1. Grunnupplýsingar	2
2.2. Hyggst þú leggja stund á háskólanám að loknu stúdentsprófi?	3
2.3. Gætur þú hugsað þér að stunda nám við Háskólann á Akureyri?	4
2.4. Hefðir þú áhuga á að stunda félagsvísindanám við Háskólann á Akureyri?	5
2.5. Hvað af eftirtöldu hefðir þú áhuga á að nema við slíka deild?	6
2.6. Merktu við allar þær neðantalinnna námsgreina sem þú hefðir áhuga á að nema við HA.	7
2.7. Hefðir þú áhuga á að stunda listnám við Háskólann á Akureyri?	8
2.8. Hvað af ofantöldu námsvali hefðir þú helst áhuga á að stunda við HA?	8

1. Inngangur

Við Háskólann á Akureyri er verið að undirbúa stofnun félagsvísindadeildar við HA. Einn af liðum undirbúningsins var að kanna forsendur slíks náms meðal framhaldsskólanema á Akureyri. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri. Í MA voru valdir allir bekkir á félagsfræðibraut á 3. og 4. ári en hluti bekkja á öðrum námsbrautum. Í VMA voru spurningalistar lagðir fyrir lokaáfangna í félagsfræði, sálarfræði, hagfræði og stærðfræði til að ná til nemenda sem eru langt komin í námi, þar sem ekki er um bekkjarkerfi að ræða. Í þessari könnun er því um úrtak að ræða en ekki heildarþýði og náði úrtakið til um helming nemenda í þessum skólum. Það voru 207 nemendur sem svöruðu könnuninni. Hér fyrir aftan gefur að líta helstu niðurstöður úr þessari könnun.

2. Niðurstöður

2.1. Grunnupplýsingar

Grunnbreytir í könnuninni eru fjórar; (1) skóli, (2) kyn, (3) námsbraut og (4) áætlað útskriftarár. Alls svöruðu 109 nemendur í MA og 98 nemendur í VMA eða samtals 207 nemendur. Konur eru í meirihluta eða 55,6% þátttakenda. Flestir koma af félagsfræðibraut eða 41,1% og 32,4% af náttúrufræðibraut. 34 aðilar svara önnur braut en þar er aðallega nefnd hagfræði- og viðskiptabraut eða 26 aðilar. Einnig var nefnt iðnám og vélstjórn 4 aðilar, almenn braut 3 aðilar og listnámsbraut 1 aðili. Meira en helmingur svarenda útskrifast nú í vor eð 52,7%, 42,5% á næsta ári og 2,4% eftir tvö ár.


Tafla 1. Upplýsingar um grunnbreytur.

Grunnbreyta:	Fjöldi:	Hlutfall:
Skóli:		
MA	109	52,7%
VMA	98	47,3%
Kyn:		
Karl	95	44,4%
Kona	115	55,6%
Námsbraut:		
Félagsfræðibraut	85	41,1%


Málabraut	21	10,1%
Náttúrufræðibraut	67	32,4%
Önnur braut	34	16,4%
Áætlað útskriftarár:		
2002	109	52,7%
2003	88	42,5%
2004	5	2,4%
Svara ekki	5	2,4%

2.2. Hyggst þú leggja stund á háskólanám að loknu stúdentsprófi?

Flestir þátttakenda hafa hugsað sér að stunda háskólanám að loknu stúdentsprófi eða 83,1%, 2,9% ætlar ekki í háskóla og 14,0% er óákveðinn. Þó nokkuð hærra hlutfall nemenda í MA ætlar í háskóla en VMA og einnig má greina mun milli námsbraut og þeirra sem ætla í háskóla.




Mynd 1. Hyggst þú leggja stund á háskólanám að loknu stúdentsprófi?




Mynd 2. Hyggst þú leggja stund á háskólanám greint eftir skóla, kyni, námsbraut og útskriftarári.

2.3. Gætur þú hugsað þér að stunda nám við Háskólann á Akureyri?

Þátttakendur voru spurðir hvort að þeir gætu hugsað sér að stunda nám við Háskólann á Akureyri. Líðlega helmingur þeirra svarar spurningunni játandi eða 51,7% og getur hugsað sér að stunda nám við HA, 23,2% getur hins vegar ekki hugsað sér að stunda nám við HA og 25,1% er óákveðinn. Hlutfallslega fleiri nemendur úr VMA geta hugsað sér nám við HA sem og konur. Einnig má greina mun á milli námsbrauta og útskriftarárs.




Mynd 3. Gætir þú hugsað þér að stunda nám við Háskólann á Akureyri?




Mynd 4. Gætir þú hugsað þér að stunda nám við HA, greint eftir, skóla, kyni, námsbraut og útskriftarári.

2.4. Hefðir þú áhuga á að stunda félagsvísindanám við Háskólann á Akureyri?

Þátttakendur voru spurðir hvort að þér hefðu áhuga á að stunda félagsvísindanám við Háskólann á Akureyri. Rúmlega helmingur svarað þessari spurningu neitandi og hefur ekki áhuga á að stunda félagsvísindanám við HA eða 51%. Áhugi á slíku námi er 18,4% og þá helst meðal nema af félagsfræðibraut.




Mynd 5. Hefðir þú áhuga á að stunda félagsvísindanám við Háskólann á Akureyri?



Mynd 6. Hefðir þú áhuga á að stunda félagsvísindanám við HA, greint eftir, skóla, kyni, námsbraut og útskriftarári.

2.5. Hvað af eftirtöldu hefðir þú áhuga á að nema við slíka deild?

Spurt var hvað af eftirtöldu hefðir þú áhuga á að nema við slíka deild og voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til sex námsleiða; (1) Fjölmiðla- og upplýsingafræði, (2) samskipti Íslands og Evrópu (Evrópusambandið), (3) stjórnsýslufræði, (4) félags- og efnahagslegar hliðar byggðamála, (5) nám tengt alþjóðlegum hjálpar- og mannúðarstofnunum og (6) nám með áherslu á sérstöðu og samskipti á norðurlóðum. Misjafn var hversu margir þátttakendur tóku afstöðu til hvernar námsleiðar fyrir sig. Skemmst er frá því að segja að mestur áhugi meðal þeirra sem tóku afstöðu er á fjölmiðla- og upplýsingafræði og námi tengdu alþjóðlegum hjálpar- og mannúðarstofnunum.



Mynd 7. Hvaða námsleiðir hefðir þú áhuga á að nema við slíka deild?


Við nánari skoðun á þeim sem hafa áhuga á að stunda félagsvísindanám við HA hafa langflestir áhuga á fjölmiðla- og upplýsingafræði (80%) og námi tengt alþjóðlegum hjálpar- og mannúðarstofnunum (72%).

Tafla 2. Námsleiðir og þeir sem hafa áhuga á að stunda félagsvísindanám við HA.

Námsleið:	Já:	Nei:
Fjölmiðla- og upplýsingafræði	28 (80,0%)	7 (20,0%)
Samskipti Íslands og Evrópu	10 (32,3%)	21 (67,7%)
Stjórnsýslufræði	12 (38,7%)	19 (61,3%)
Félags- og efnahagslegar hliðar byggðamála	9 (30,0%)	21 (70,0%)
Nám tengt alþjóðlegum hjálpar- og mannúðarstofnunum	26 (72,2%)	10 (27,8%)
Nám með áherslu á sérstöðu og samskipti á norðurslóðum	7 (22,6%)	24 (77,4%)

2.6. Merktu við allar þær neðantalinnna námsgreina sem þú hefðir áhuga á að nema við HA.


Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allar af eftirtöldum greinum sem þeir hefðu áhuga á að nema við HA; (1) Félagsfræði, (2) mannfræði, (3) lögfræði, (4) félagsráðgjöf, (5) stjórnmálafræði, (6) bókasafns- og upplýsingafræði, (7) sálarfræði og (8) kynjafræði. Flestir hafa áhuga á að nema sálarfræði eða lögfræði.



Mynd 8. Námsgreinar sem þátttakendur hafa áhuga á að nema við HA.

2.7. Hefðir þú áhuga á að stunda listnám við Háskólann á Akureyri?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að stunda listnám við Háskólann á Akureyri. Skemmst er frá því að segja að 21,7% þátttakenda hefur áhuga á að stunda listnám við HA. Þetta eru aðallega konur af félags- eða náttúrfræðibraut.



Mynd 9. Hefðir þú áhuga á að stunda listnám við Háskólann á Akureyri?

2.8. Hvað af ofantöldu námsvali hefðir þú helst áhuga á að stunda við HA?

Þátttakendur voru beðnir um að segja hvaða námsval sem getið var um í þar næstu spurningu fyrir framan viðkomandi hefði helst áhuga á. Sumir virðast ekki hafa áttað sig á því hvaða námsgreinar um var að ræða og svöruðu þessari spurningu sem opinni, þ.e. skrifuðu það sem þeim datt í hug. Sumir svöruðu einnig fleiri en einni námsgrein. Flestir hafa áhuga á

